



*Alþingi
Erindi nr. P 138/929
komudagur 20.1.2010*

Bolungarvík, 18. janúar 2010.

Til: Eftirtalinna alþingismanna og flutningsmanna neðangreinds máls:

Atli Gíslason, netfang atlig@althingi.is
Árni Þór Sigurðsson, netfang arnithor@althingi.is
Guðfríður Lilja Grétarsdóttir, netfang glg@althingi.is
Lilja Rafney Magnúsdóttir, netfang lrm@althingi.is
Þuríður Bachman, netfang thback@althingi.is

Samgöngunefnd Alþingis,
skrifstofu Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík. Netfang nefndasvid@althingi.is

Atugasemdir við frumvarp til laga um almenningsamgöngur. Þskj. 14 - 14. mál. Tillaga að breytingu / viðauka.

Fagnað er framkomnu frumvarpi um almenningsamgöngur. Telja verður almenningsamgöngur nokkuð hornreka í samfélaginu enda erfitt um vik og kostnaðarsamt í jafn stóru og strjálbýlu landi og Ísland er að reka þær svo vel sé. Sýnist þetta ein ástæða þess að notkun einkabílsins er orðinn ríkjandi samgöngumáti. Æskilegt verður að telja að sem flestir samgöngumátar séu í boði eftir því sem unnt er, ekki síst milli staða utan höfuðborgarsvæðisins þar sem sums staðar á minni stöðum eru litlar eða engar samgöngur aðrar en einkabílinn og illa komið fyrir þeim sem þurfa að komast og ekki hafa aðgang að honum.

Mest helgast þetta væntanlega af því að vegna líttillar notkunar fólksflutningabíla (strætisvagnar og áætlanarbifreiðar) þurfa opinberir aðilar að greiða talsverðar fjárhæðir með þeim. Því er dregið úr greiðslum þegar kreppir að og ferðum fækkar. Þá minnkar notkunin og vítahringur skapast. Eins og á stendur í samfélaginu má gera ráð fyrir eitthvað minnkaðri notkun einkabílsins, bæði vegna umtalsvert aukins kostnaðar við rekstur hans og hugsanlega að einhverju marki vegna hvatningar til landsmanna um notkun annarra samgöngumáta. Engu að síður er ekki útlit fyrir annað en að einakbíllinn verði áfram ríkjandi samgöngumáti og mikið notaður. Á hitt er að íta að þar sem ökumenn eru oftast einir er líklegt að talsvert gæti fallið til af ferðum milli staða, sem nýta mætti ef góður vettvangur væri til fyrir samskipti milli ökumanna og þeirra sem óska fars. Þessi samgöngumáti og vefir sem miðla upplýsingum um óskir um far og far í boði eru vel kunnir í nokkrum nágrennalanda okkar.

Til að leitast við að kynna og stuðla að þessum samgöngumáta hérlendis hefur Leið ehf. sett upp vef, Farþegavefinn, www.fartheqi.is, en notkun hans verið sáralítill, enda ekki verið úrræði til að kynna hann svo vel sé. Til að þetta verði virkur samgöngumáti verður að telja að nokkur atriði þurfi að koma til.

a) Skal fyrst nefnt traustur, greiður og þægilegur vettvangur til að skiptast á upplýsingum um far í boði eða far sem óskast. Má telja að áður nefndur vefur sé skref í þá átt. Auk þess hefur um skeið verið haldið úti vefnum samferda.net, sem nokkuð virðist notaður og þjónar svipuðum markmiðum. Æskilegt væri að einnig væri hægt að miðla upplýsingum um síma. Nefna má að aukin tækniþróun á sviði fjarskipta og upplýsingamiðlunar ætti að gera æ auðveldara að miðla upplýsingum um far í boði eða far sem óskast. b) Til þarf að vera sæmilega skýr umgjörð um þennan samgöngumáta, þ.e. réttindi og skyldur farþega og ökumanns gagnvart hvor öðrum. c) Telja verður rétt og eðlilegt að farþegi sem þiggur far taki þátt í kostnaði ökumanns við aksturinn. Slíkt er öikumönnum hvatning til að bjóða far og skapar farþega einnig ákveðinn rétt gagnvart ökumanni. Hefur samgönguráðuneytið úrskurðað að slíkt fari ekki í bága við lög nr. 134/2001 um leigubifreiðir þar sem ekki sé um eiginlegan leiguakstur að ræða né lög nr. 73/2001 um fólksflutninga og farmflutninga á landi enda sé far aðeins boðið með ökutæki fyrir níu farþega eða færri (sjá úrskurð ráðuneytisins í máli nr. 83/2008). Æskilegt væri að einhver þægilegur greiðslumáti væri í boði og hefur verið til skoðunar af hálfu Leiðar ehf. að notast við SMS, en tæknilega er ekkert því til fyrirstöðu. Sett hefur verið upp viðmiðunargjaldskrá á Farþegavefnum sem styðjast má við. Hugsanlega mætti notast við miða sem væru ávísun á bensín d) Æskilegt kann að vera af öryggisástæðum að þeir sem bjóða eða þiggja far hafi áður skráð sig og sætt könnun á sakavottorði, ökuréttindum og öðru slíku. Þó er hætt við að slíkar kröfur dragi úr framboði ferða. e) Mjög væri af hinu góða að hafa fyrirfram ákveðna staði á þéttbýlisstöðum þar sem farþegar gætu beðið eftir eða yfirgefið bifreið, t.d. bensínstöðvar. Æskilegt væri að þessir staðir væru skilgreindir fyrir þessa þjónustu og þær reglur sem um hana giða og þar væri komið fyrir merkingu, sjá t.d. merki, sem fylgir þessum pósti í viðhengi. Eins kynni að vera gott að merkja staði eða svæði á stórum stöðum þar sem fólk kemur saman, t.d. stórir vinnustaðir, skólar, íþróttahús, skíðasvæði, samgöngumiðstöðvar o.s.frv. Æskilegt kynni að vera að ökutæki sem bjóða far undir þessum formerkjum væru merkt og eru hugmyndir um að nota mætta plastspjald sem hengt yrði í framrúðu ökutækis og taka mætti niður eða hengja upp eftir þörfum. Mætti nota sama merki og áður er nefnt.

Að öllu þessu athuguðu verður að telja eðlilegt að þessi samgöngumáti fái rými í löggjöf og sýnast lög um almenningssamgöngur best til þess fallin, en ekki t.d. lög um fólks- og vöruflutninga á landi eða lög um leigubifreiðar, sem hvor tveggja fjalla um starfsemi sem stunduð er í atvinnuskyni. Þá telst full viðurhlutamikið að samþykkja sérlög um þennan samgöngumáta. Nauðsynlegt sýnist að gert sé ráð fyrir þessum samgöngumáta í lögum til að sækja megi heimild til setningar reglugerðar sem að honum snýr. Ekki er vitað til að til sé löggjöf um samgöngumáta sem þennan annars staðar og því gæti hér orðið um ákveðna samfélagslega tilraun að ræða, sem gæti orðið öðrum fyrirmynd ef vel tekst til.

Margt mætti fleira segja um þennan samgöngumáta sem telja verður að stuðli öðrum samgöngumátum fremur að sjálfbærri þróun, minni losun gróðurhúsalofttegunda og sé á allan hátt þjóðhagslega hagkvæmur eins og lýst er í 1. gr. frumvarpsins jafnvel þótt ólíklegt sé að hann verði mjög mikið

notaður. Eðlilegt þykir að gera ráð fyrir almennri lagaheimild handa sveitarfélögunum til að stuðla að þessum samgöngumáta. Gætu þau sveitarfélög sem það kjósa t.d. ákveðið staði þar sem merkingum fyrir þennan samgöngumáta yrði komið fyrir, t.d. við skóla, stóra vinnustaði og víðar. Þau gætu heimlað að sérstakar götur eða sérreinar yrðu eingöngu fyrir ökutæki með farþega, þau ökutæki sem væru með farþega nyttu forgangs á tiltekinn hluta bifreiðastæða, siyppu við gjald fyrir notkun þeirra, við greiðslu veggjalda ef þau yrðu tekin upp o.s.frv.

Er lagt til að ákvæðum í þessa veru verði komið fyrir í 4. gr. og verði það orðað eitthvað á þessa leið (með undirstrikun undirritaðs):

4. gr.


Opinberir aðilar, ríki og sveitarfélög, bera ábyrgð á að veitt sé almenningsþjónusta samkvæmt lögum þessum og í samræmi við ákvæði samgönguáætlunar.

Ríkið ber ábyrgð á og skipuleggur almenningsamgöngur með flugvélum og ferjum samkvæmt ákvæðum laga um loftferðir og vegalaga. Enn fremur ber ríkið ábyrgð á fyrirkomulagi almenningsgangna með bifreiðum samkvæmt sérleyfum í samræmi við ákvæði laga um fólksflutninga og farmflutninga á landi.

Sveitarfélög bera ábyrgð á fyrirkomulagi almenningsamgöngur með bifreiðum innan sveitarfélags og milli sveitarfélaga samkvæmt einkaleyfum á grundvelli laga um fólksflutninga og farmflutninga á landi. Í sveitarfélögum með meira en 10 þúsund íbúa er sveitarfélaginu skylt að skipuleggja almenningsamgöngur. Sveitarfélögum er heimilt að sameinast um rekstur almenningsamgöngur, t.d. með byggðasamlögum eða í sérstökum félögum, eða með samstarfssamningum sín í milli.

Sveitarfélögum er heimilt að stuðla samnýtingu ökutækja eftir því sem við verður komið á grundvelli gildandi reglna. Heimilt er ráðherra að setja reglugerð um samnýtingu ökutækja gegn gjaldi og um fjárhæð gjalds.


Við skipulagningu almenningsgangna skulu sveitarfélög hafa hliðsjón af markmiðum laga þessara, sem og eigin stefnumótun á sviði umhverfis-, skipulags- og samgöngumála.



Jónas Guðmundsson,
formaður stjórnar Leiðar ehf.

Samrit erindis í tölvupósti:

Samgönguráð,
Samgönguráðuneytið,
Samband íslenskra sveitarfélaga,
Félag íslenskra bifreiðaeigenda,
Reykjavíkurborg, samgöngusvið,
Valdir frambjóðendur til borgarstjórnarkosninga í Reykjavík.



FARTHEGI.IS